


Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. desember 2009  
Tilvísun: UST20091100099/ksj

### Deiliskipulag í landi Garðs og Hvamms, Hrunamannahreppi. Lóðir undir ferðaþjónustu.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps er barst 19. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulag á lóðum Garðs og Hvamms í Hrunamannahreppi.

Deiliskipulagssvæðið nær yfir 1,86 ha. Í deiliskipulaginu felst breytt notkun núverandi bygginga, þ.e. að gróðurhús verður endurbyggt og nýtt sem veitingaaðstaða, og pökkunarhús verður nýtt sem búningsklefar. Auk þess er íbúðarhús á lóð Garðs. Á lóðinni Hverahólma er um 900 m<sup>2</sup> laug sem ráðgert er að lagfæra og útbúa sem sundlaug sem opin verður almenningi.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

#### Náttúruminjar

Hverahólmi er hverfisverndað hverasvæði og nýtur auk þess sérstakrar verndar skv. 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en þar segir m.a. að fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri, njóti umræddrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um Hverahólma í aðalskipulagi Hrunamannahrepps og mikilvægi þess að sjaldgæfar plöntur og sérkenni hverasvæðisins verði viðhaldið.

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda á lóðum Hvamms og Garðs og þar sem lóðirnar eru staðsettar við bakka Litlu Laxár bendir Umhverfisstofnun framkvæmdaaðila á að leita umsagnar Veiðimálastofnunar. Einnig vill stofnunin benda á að í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 kemur fram í grein 4.15 Vötn, ár og sjór, að: „Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagningu aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.“


Að mati Umhverfisstofnunar er því mikilvægt að þótt eldri framkvæmdir séu á svæði sem er


nær ánni en 50 metrar, að þá verði þess gætt að nýbyggingar verði ekki reistar svo nærrí ánni.

### **Rotþró og önnur hreinsivirki**

Á deiliskipulagsuppdrætti kemur fram að fráveita verður leidd í rotþró eða að hreinsivirki verður komið fyrir á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti umfjöllun um frárennsli og hreinsibúnað að vera nákvæmari og tekur stofnunin undir athugasemd Skipulagsstofnunar um að setja skuli skýrari skilmála í deiliskipulagsgreinargerð um fyrirhugaða sundlaug og aðrar framkvæmdir við Hverahólma og að leita skuli umsagnar heilbrigðiseftirlits Suðurlands um deiliskipulagið.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Olafur A Jónsson  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun